

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/481
komudagur 4.12.2002



3. desember 2002

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um virðisaukaskatt af barnafatnaði, 311.mál.

SVÞ-Samtök verslunar og þjónustu hafa með bréfi dagsettu 18.nóvember sl. fengið tilvitnað þingmál til umsagnar.


Fyrstu viðbrögð eru þau að betra væri að lækka virðisaukaskatt í heild en að fjölga undanþágum. Benda má á í þessu sambandi að lægra skattþrepið, 14%, er hærra en víðast annars staðar í Evrópu (Danmörk hærri) og lækkun þess myndi óneitanlega koma sér vel fyrir barnafjölskyldur. Efra þrepið er nálægt efstu mörkum sem til eru. Þetta háa virðisaukaskattstig ýtir undir undanskot þar sem ávinningurinn er mikill, og að öðru jöfnu skapa undanþáguheimildir glufur sem nota má í þessum tilgangi. Auk þess hlýtur samþykkt tillögunnar að örva aðra hópa neytenda til að knýja á um nýjar undanþágur af góðum og gildum ástæðum.

Þingsályktunartillagan hvetur til þess að kannað verði hvort fella megi niður eða lækka virðisaukaskatt á fötum og skófatnaði fyrir börn. Lagt sé til grundvallar annars vegar algjör niðurfelling virðisaukaskatts og hins vegar lækkun í 14% skattþrep. Metið verði tap ríkissjóðs, ávinningur barnafjölskyldna og ávinningur verslunarinnar og litið til laga um þessi mál í Bretlandi.

Þetta er góðra gjalda vert og vissulega forvitnilegt að sjá niðurstöður slíkrar könnunar. Ætla má að ávinningur mælist hjá öllum þessum aðilum jafnvel þótt tap ríkissjóðs af núverandi kerfi sé dregið frá ávinningi af aukinni sölu í barnafatnaði innanlands. Málið er þannig allt með jákvæðum formerkjum og tæknilega eru ekki sjáanlegar hindranir á framkvæmdinni. Þó verður hér að nefna, að innlend verslun hefur lagt sig fram um að vera sem samkeppnishæfust við breska keppinauta, sem árum saman hafa notið hylli innkaupastjóra barnafjölskyldna á Íslandi. Því er verðmunur víða minni en sem nemur 24,5% virðisaukaskatti.

SVÞ eru því hlynnt því að þingsályktunartillagan nái fram að ganga og málið verði síðan skoðað og framhald þess ráðið í kjölfar niðurstaðna sem með því fást væntanlega. Samtökin munu gjarnan taka þátt í því starfi ef óskað verður eftir slíku.

Virðingarfyllst,


Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri